



Tillaga áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

93. fundur skóla- og frístundaráðs, 10. feb. 2016, [sjá fundargerð](#)

10. liður

Varðandi Mentor, upplýsingakerfi grunnskóla

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum leggur til að SFS fari í viðræður við Mentor um að gera einfaldar endurbætur á aðstandendaspjaldi nemenda og foreldra, í samráði við SAMFOK og Móðurmál. Það er einkum tvennt sem við teljum brýnt að bæta. Annars vegar að útbúið verði sérstakt hak á aðstandendaspjöldum, þannig að t.d. skólaritari geti í upphafi árs hakað við hverjir sitja í skólaráði, eru í stjórn annars vegar foreldrafélags eða nemendafélags, hverjir eru bekkjar- eða árgangafulltrúar. Þetta litla praktíska mál, myndi auðvelda svo verkin að halda utan um þetta. Hins vegar að það verði mögulegt að haka við móðurmál nemenda (hægt að skrá 2-3), tungumál töluð á heimili og hvernig það hentar foreldrum best að taka á móti upplýsingum frá skóla (tölvupóstur, SMS, o.s.fr.v.)

Málinu var frestað.

Á 96. fundi 6. apríl 2016 ([sjá fundargerð](#), 8. liður) var málið tekið upp aftur og samþykkt að skóla- og frístundaráð feli sviðsstjóra að óska eftir því við skólastjóra að ávallt liggi fyrir uppfærðar upplýsingar um þá sem sitja í skólaráði, eru í stjórn foreldrafélags eða nemendafélags eða eru bekkjar- eða árgangafulltrúar á vef skólans og vinna áfram að því að skrá tungumál á heimili í upplýsingakerfi skólanna í samráði við foreldra.

Ekkert kom fram um viðræður við Mentor um að gera þessar upplýsingar aðgengilegar þar.

Áheyrnarfulltrúi lagði þá fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum telur mikilvægt að Reykjavíkurborg stuðli að umbótum á upplýsinga- og námskerfi grunnskólanna og telur að þessar ofangreindar tillögur hefðu verið framfaraskref og til þess fallnar að tryggja betri skráningu móðurmála og fulltrúa skólasamfélagsins. Áheyrnarfulltrúi fagnar engu síður málsmeðferðartillögu ráðsins sem góðri áminningu til skólastjóra grunnskólanna.